

## V. EFNISFLOKKAR

### 1. BORGARAVITUND

*Tilhneigingin er sú að annaðhvort er ekki litið á [börn] sem fullgilda borgara eða litið er á þau sem borgara framtíðarinnar fremur en nútímans.*

*Brian Howe*



#### Margþætt merking borgaravitundar nú á dögum

Út frá ströngu lagalegu sjónarmiði er ríkisborgari þegn í ríki þar sem borgaraleg og pólitísk réttindi fólks eru vernduð með lögum og þar sem fólk hefur gagnkvæmar skyldur gagnvart ríkinu: skal hlýða landslögum, leggja sitt af mörkum til sameiginlegra útgjalda og standa vörð um landið verði á það ráð-ist. Borgaravitund er ekki það sama og þjóðerni eða þjóðernisleg sjálfsmynd; í þessu samhengi fela tvö síðarnefndu hugtökin í sér myndun samfélagshóps út frá menningu og því tungumáli sem talað er. Í flestum Evrópuríkjum býr fólk af ýmsu þjóðerni, og fólk af sama þjóðerni getur líka búið í ríkjum sem liggja nálægt hvert öðru. Ríki er **stjórnámáleg** og **landfræðileg** eining, en þjóð er **menningarleg** og/ eða **þjóðernisleg** eining. Borgaravitund tengist ríki en er ekki háð þjóðerni.

Nú til dags byggist „ríkisfang“ ekki einungis á einföldum lagalegum tengslum milli fólksins og ríkisins. Litið er svo á að ekki sé einungis um lagaleg atriði að ræða, sem snúa að borgaralegum og pólitískum réttindum og skyldum, heldur einnig sálfræðileg og félagsleg atriði. Borgaravitund er hluti af sjálfsmynd fólks. Einstaklingnum er annþ um samfélag sitt vegna þess að hann er hluti af því og hann ætlast til að öðrum sé einnig annþ um það, þannig að allt samfélagið njóti góðs af.

Borgaravitund er í þessum víðari skilningi ekki einungis félagsmótunarferli. Í henni felst sú tilfinning að eiga sér sjálfsmynd, að tilheyra, vera einn af hópnum, taka þátt í samfélaginu og sýna félagslega ábyrgð. Ríkisborgarinn á hlutdeild í samfélaginu og getur haft áhrif á það, tekið þátt í að móta það og lagt sitt af mörkum til að því farnist sem best. Hann nýtur þannig bæði réttinda og uppfyllir skyldur, og er einnig virkur þátttakandi í þeim hópi sem honum finnst hann tilheyra. Í þessum skilningi njóta borgarar sömu virðingar.



**SPURNINGAR:** *Hvaða möguleika eiga venjulegir borgarar á að vera virkir þátttakendur í samfélaginu, aðra en þá að taka þátt í kosningum? Hvernig má hvetja þá til þátttöku?*

## Gamlar og nýjar hugmyndir um borgaravitund

Söguleg þróun hugmyndarinnar um borgaravitund varpar ljósi á hinar ýmsu hliðar hennar. Eina fyrstu hugmyndina um borgaravitund má rekja til grísku borgríkjanna til forna þar sem „borgarar“ voru þeir sem höfðu lagalegan rétt til að taka þátt í starfsemi ríkisins. En aðeins var litið á lítinn hluta þjóðarinnar sem borgara; þrælur og konur voru ekki í þeim hópi, og útlendingar voru algjörlega útilokaðir. Þeir frjálsu menn sem nutu þeirra forréttinda að vera borgarar litu á „borgaralegar dyggðir“ eða það að vera „góður og gegn“ borgari sem mikilvægt atriði. Þessi hefð varð til þess að lögð var áhersla á þær skyldur sem borgararéttindin lögðu á borgarana.

Borgaravitund fór að blandast ákveðinni þjóðerniskennd á nítjándu öldinni, þegar þjóðríki voru að verða til um alla Evrópu og lagaleg staða „borgara“ var oft bundin einhverju þjóðríki, jafnvel þótt fólk af ýmsu þjóðerni byggði á viðkomandi svæði. Tengslin milli borgaravitundar og ættjarðarástar urðu sterkari á þessu tímabili.

Með hinu **frjálslega viðhorfi til borgararéttinda**, sem átti rætur að rekja til frönsku byltingarinnar, var lögð áhersla á mikilvægi réttinda öllum borgurum til handa, og að stuðst væri við stjórnarskrá fremur en þjóðerni. Eftir því sem fleiri hlutu kosningarétt urðu réttlæti og pólitísk réttindi einnig að veruleika meðal stöðugt fleiri íbúa.

Á tuttugustu öld gengu stuðningsmenn hinna „**félagslegu borgararéttinda**“ lengra og viðurkenndu að borgarar ættu að geta vænst þess að ríkið veitti þeim borgaraleg og pólitísk réttindi. Uppgangur velferðarríkisins á síðustu öld átti mikið að þakka þeim hugsjónamönnum sem héldu því fram að réttindi borgaranna ættu að taka til lífs- og vinnuskilyrða þeirra.

Nú á dögum hefur hugtakið borgaravitund ýmsar merkingar sem eru í senn samtvinnaðar og vega hver aðra upp. „**Virk borgaravitund**“ gefur til kynna að unnið sé að betra samfélagi með efnahagslegri þátttöku, opinberri þjónustu, sjálfbodastarfi og á annan slíkan hátt til að allir í samfélaginu fái notið betri lífsskilyrða.

Lögð er mismunandi merking í hugtakið „**evrópsk borgaravitund**“. Í Maastricht-sáttmála Evrópusambandsins er sú hugmynd sett fram að borgarar þeirra ríkja sem tilheyra Evrópusambandinu njóti stöðugt meiri réttinda og hafi jafnframt fleiri skyldum að gegna innan sambandsins sem slíks, sem og gagnvart eigin ríki. Meðal slíkra réttinda eru ferðafrelsi og rétturinn til búsetu innan allra aðildarlandanna, sem og rétturinn til að kjósa og bjóða sig fram þegar kosningar til Evrópuþingsins fara fram. Þó er ekki hægt að segja að til sé „Evrópuþjóðfélag“ nú á dögum á sama hátt og grískt eða tékkneskt þjóðfélag. Evrópsk borgaravitund er í senn ápreifanlegur veruleiki og fjarlæg hugsjón. „Í besta falli væri evrópsk borgaravitund byggð á gildum lýðræðis, mannréttinda og félagslegs réttlætis.“<sup>1</sup> Evrópsk borgaravitund veitir einstaklingnum þá mikilvægu tilfinningu að tilheyra gildiskerfum af ýmsum toga: mannréttindum, þjóðerni, nærsamfélagi, fjölskyldu, hugmyndafræði tiltekins hóps, o.s.frv. Þessi margþætta og sívirka hlutdeild sem fólgin er í evrópskri borgaravitund stríðir ekki gegn neinni þjóðvitund heldur er hluti af henni í daglegu lífi fólks.

„**Heimsborgaravitund**“ er nýlegt hugtak sem varð til með hugmyndinni um að allar manneskjur séu jarðarbúar. Í lagalegum skilningi er þó ekki til neitt sem heitir heimsborgari. „Heimsborgaravitund felst í því að vita hve brýnt er að takast á við óréttlæti og ójafnuð, og hafa löngun og getu til að vinna markvisst að því. Hún felst í því að líta á jörðina sem dýrmæta og einstaka og huga að framtíðinni vegna næstu kynslóða. Heimsborgaravitund samræmist vel öllum öðrum skilningi sem lagður er í hugtakið borgaravitund; um er að ræða tiltekinn hugsanahátt og löngun til að gera gagn.“<sup>2</sup>



Þar sem túlka má hugtökin „borgari“ eða „borgaravitund“ á ýmsan hátt, og þar sem ekki er víst að þjóðríki sé viðtekið hugtak í fjölmenningslegri Evrópu, notar Evrópuráðið hugtakið „borgari“ um „einstakling sem lifir innan tiltekins samfélags“. Í stað „þjóðríkis“ lýsir orðið „samfélag“ best því staðbundna, svæðisbundna og alþjóðlega umhverfi sem hver einstaklingur lifir í.

---

**SPURNINGAR:** *Hvaða skilning leggur þú í hugtakið borgaravitund? Hvaða viðmiðanir eiga að gilda um borgaraleg réttindi í heimi sem er stöðugt að breytast og verða fjölmenningslegri? Hverjir ættu ekki að hafa ríkisfang hér á landi?*

---

Nú á dögum byggist skilningur flestra á borgaravitund á þáttum úr öllum þessum hugmyndum, en í mismiklum mæli þó. Sumir vilja leggja áherslu á „skyldurnar“ en aðrir telja „réttindin“ mikilvægari. Sumir líta á ættjarðarást sem mikilvægasta atriðið og tengslin við eitt tiltekið ríki, en aðrir hafa viðtækari skilning á því hvað felst í borgaravitund.

## Börn sem borgarar

Í lögum víða um lönd var eitt sinn litið á börn sem eign foreldra sinna. Enda þótt „patria potestas“ sem áskildi föðurnum allan rétt yfir börnum sínum – einnig réttinn yfir lífi þeirra og dauða – sé löngu liðin tíð, má í sumum löndum finna leifar frá þessari hefð. Hinn hefðbundni skilningur er sá að börn séu „ekki fullgildir borgarar“ eða „tilvonandi borgarar“ í þjóðfélaginu. Barnasáttmálinn virðir rétt foreldra til að hafa forræði yfir börnum sínum, koma þeim til þroska og vera í fyrirsvari fyrir þau (skv. 5. og 18. grein), hann kveður einnig á um að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang, sem takmarkar réttindi foreldra varðandi hagsmuni barnanna (3. grein).

Brian Howe, kanadískur baráttumaður fyrir réttindum barna, telur að börn séu iðulega ekki viðurkennd sem fullgildir borgarar né komið fram við þau sem slík, þótt lagalega séð fæðist börn sem fullgildir borgarar og öðlist þegnarétt. „Tilhneigingin er sú að annaðhvort er ekki litið á þau sem fullgilda borgara eða litið er á þau sem borgara framtíðarinnar fremur en nútímans.“<sup>3</sup> Howe tilgreinir tvær ástæður fyrir þessu viðhorfi: fjárhagslegt ósjálfstæði barna og sálfræðilegt þroskaleysi. Hann bendir á að öðrum fjárhagslega ósjálfstæðum hópum, svo sem heimavinnandi foreldrum, eftirlaunaþegum, háskólastúdentum eða fötluðum einstaklingum sé ekki neitað um borgaraleg réttindi sín. Niðurstaða hans er að börn eigi að njóta borgaralegra réttinda sinna þar sem „borgaravitund snúist um virka þátttöku en ekki fjárhagslegt sjálfstæði“.

---

**SPURNINGAR:** *Eru börn í raun fullgildir borgarar? Eða eru þau aðeins „tilvonandi borgarar“ eða „borgarar framtíðarinnar“?*

---

Börn skortir vissulega þann vitsmunalegan þroska og sjálfsstjórn sem fullorðið fólk hefur öðlast. En þroski er stöðugt ferli allt lífið og vitsmunalegur þroski barna eykst þegar komið er fram við þau af virðingu og þau fá tækifæri í samræmi við aldur sinn til að verða virkir og sjálfstæðir borgarar.

Samkvæmt landslögum og Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna hafa börn sömu réttindi og skyldur og fullorðnir. En þau njóta einnig borgaralegra réttinda af öðru tagi: Barnasáttmálinn kveður á um þörf barna fyrir sérstaka vernd (t.d. gegn ofbeldi, vanrækslu og efnahagslegri og kynferðislegri misnotkun), fyrir úrræði (t.d. að grunnþarfa þeirra sé gætt, svo sem með heilbrigðisþjónustu og almannatryggingum, eða góð líf skjör sem og réttinn til nafns, sjálfsmýndar og þjóðernis) og þátttöku í öllum ákvörðunum sem varða líf þeirra. Þessum réttindum ber að framfylgja í samræmi við **vaxandi þroska** barnsins, sama gildir um skyldur og ábyrgð barnsins sem borgara. Börnum ber, á sama hátt og fullorðnum, að virða rétt annarra og fara að lögum, ábyrgðarskylda þeirra fer eftir því á hvaða aldri þau eru. Fjallað er um réttinn til þátttöku í 10. efnisflokknum, *Þátttaka*, hér aftar, bls. 254.



**SPURNING:** Í hverju geta börn tekið þátt sem fullgildir borgarar?

## Fyrirstöður gegn borgaravitund

Ýmis félagsleg fyrirbæri koma í veg fyrir hefðbundin borgararéttindi í Evrópu nú á dögum. Sums staðar koma þjóðernisbarátta og mikil þjóðernishyggja í veg fyrir að borgaravitund nái að endurnýja sig. Ríkjandi hugmyndir um borgaravitund eiga enn fremur erfitt uppdráttar vegna mikilla fólksflutninga á seinni árum. Hin brýna þörf fyrir nýja sjálfsmynd meðal nokkurra þjóðernislegra minnihlutahópa sem hafa verið kúgaðir, kröfur um aukið persónulegt sjálfstæði og jafnrétti á nýjum forsendum gera fólki erfitt um vik að skilja hvað felst í borgaravitund. Minni félagsleg samheldni og samstaða meðal fólks og vaxandi vantrú á hefðbundnum pólitískum stofnunum krefjast stöðugt nýrrar hugsunar og hafa í för með sér að fræða þarf fólk um lýðræðislega borgaravitund.

## Menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar

Með menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar er leitast við að gera börn og unglinga að virkum og ábyrgum borgurum sem bæði geta og eru tilbúnir til að leggja sitt af mörkum til að því þjóðfélagi sem þau lifa í farnist vel. Markmiðin þrjú með slíkri menntun eru 1) að efla pólitískt læsi, þekkingu á pólitískum og borgaralegum stofnunum og félagslegum vandamálum; 2) að þroska nauðsynlega hæfni, svo sem gagnrýna hugsun, samstarfseiginleika og listina að hlusta; og 3) að leggja áherslu á gildi og viðhorf sem stuðla að virkri þátttöku í samfélaginu. Í þessu flókna ferli er gerður greinarmunur á menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar og hefðbundinni fræðslu um borgaravitund, sem snýst fremur um að miðla þekkingu með áherslu á hollustu og ábyrgð.

Allt frá árinu 1997 hefur Evrópuráðið staðið fyrir verkefni um menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar. Þar er unnið að því að greina þetta viðfangsefni og búa til leiðbeinandi reglur og tekið er saman kennsluefni og dæmi um góða starfshætti. Árið 2002 samþykkti ráðherranefnd Evrópuráðsins tillögu sem felur í sér að stjórnvöld geri menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar að forgangsmarkmiði í stefnumótun sinni í menntamálum.<sup>4</sup>

Sérstök áhersla er nú lögð á aukna þátttöku barna með því að skapa börnum tækifæri til að taka sjálf þátt í að móta námsferli sitt. Evrópuráðið hleypti af stokkunum áætlun um að efla skyldi réttindi barna og vernda börn gegn ofbeldi á árunum 2006–2008, undir fyrirsögninni „Evrópa fyrir og með börnum“. Besta leiðin til að fræða börn um virka borgaravitund er að gefa þeim tækifæri til að taka þátt í því sem er að gerast í því umhverfi sem þau hrærast í. Þau geta fræðst um réttindi sín og skyldur og fengið að taka þátt í ákvarðanatökum heima hjá sér, í skólanum, á frístundaheimilum o.s.frv. Þá upplifa þau líka að þau eigi hlutdeild í ýmsum þáttum og komast að því hve borgaravitundin er í eðli sínu flókin og sívirk.

## Mikilvægir mannréttindasamningar

### Evrópuráðið

Í tilmælum ráðherraráðsins nr. (2002)12 um menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar er kveðið á um að „menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar sé grundvallaratriði í því forgangsverkefni Evrópuráðsins að stuðla að þjóðfélagi þar sem frelsi, umburðarlyndi og réttlæti ríkir“. Evrópuráðið lítur á hina miklu menningarlegu fjölbreytni innan Evrópu sem mikilvægan kost sem byggist á sameiginlegum skilningi á mannréttindum, réttarríki og lýðræði. Evrópuráðið skilgreinir borgaravitund í



víðum skilningi: „Segja má að borgari sé „einstaklingur sem lifir innan tiltekins samfélags ... en þar sem þjóðrikið fer ekki lengur eitt með völdin hefur verið nauðsynlegt að skapa heildrænni sýn á hugtakið.“ Borgaravitund „felur í sér atriði sem varða réttindi og skyldur, en einnig hugmyndir um jafnrétti, fjölbreytileika og félagslegt réttlæti ... Einnig skal hún ná til hinna ýmsu aðgerða einstaklingsins sem hafa áhrif á samfélagið (á sveitarfélag, á landsvísu eða heimsvísu) ...“<sup>5</sup>

Í ýmsum greinum Mannréttindasáttmála Evrópu er kveðið á um réttindi sem varða virka borgaravitund: rétt til frelsis og mannhelgi (5. grein), rétt til að vera frjáls hugsana sinna, samvisku og trúar (9. grein), rétt til tjáningarfrelsis (10. grein), rétt til að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög með öðrum (11. grein) og rétt til menntunar (2. grein í viðauka nr. 1). Í 1. grein Evrópusamningsins um menningarmál segir að aðildarríki „skuli gera viðeigandi ráðstafanir til að standa vörð um og stuðla að auknu þjóðarframlagi sínu til sameiginlegrar menningararfleifðar Evrópu“.

### Sameinuðu þjóðirnar

Í **Mannréttindayfirlýsingunni** er vísað til „ríkisfangs“ einstaklingsins en orðin „borgari“ eða „ríkisborgari“ eru ekki notuð. Í 15. grein segir að „allir hafi rétt til ríkisfangs“ og að engan megi að geðþótta svipta ríkisfangi. Þar er einnig tekið fram að allir eigi rétt á að skipta um ríkisfang.

Í 29. grein Mannréttindayfirlýsingarinnar er einnig kveðið á um að rétturinn til ríkisfangs feli í sér ábyrgð og að ríkisfang veiti ekki aðeins lagalega stöðu heldur feli einnig í sér sálfræðileg og félagsleg gildi:

*Allir hafa skyldur við samfélagið, enda getur það eitt tryggt fullan og frjálsan persónuþroska einstaklingsins.*

Í **Barnasáttmálanum** er einnig fjallað um ríkisfang. Í 7. greininni er kveðið á um rétt barns til að öðlast ríkisfang og að tryggt skuli að það verði ekki ríkisfangslaust. Í 8. grein er einnig viðurkennt hve ríkisfang er mikilvægt fyrir sjálfsmynd einstaklingsins og stjórnvöld hvött „til að virða rétt barns til að viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling, þar með töldu ríkisfangi sínu“.

Sá skilningur sem lagður er í ríkisfang í Barnasáttmálanum er langt frá því að vera aðeins lagalegur. Hann inniheldur ýmis réttindi sem fullorðnum einstaklingum eru tryggð í eldri mannréttindasáttmálum, svo sem **Evrópusáttmálanum** og **Samningunum** tveimur. En í Barnasáttmálanum er lögð áhersla á að ekki einungis fullorðnir heldur einnig börn eigi rétt á að taka virkan þátt í samfélaginu og slíkt sé mikilvægt fyrir borgaravitund þeirra:

- 9. grein: að taka þátt í málsmeðferð varðandi umsjón eða forræði barnsins.
- 12. grein: að taka þátt í ákvarðanatökum í „í öllum málum sem það varða“.
- 13. grein: að láta í ljós skoðanir sínar og taka við og miðla hvers kyns vitneskju og hugmyndum.
- 14. grein: að hafa eigin sjónarmið varðandi frjálsa hugsun, sannfæringu og trú.
- 15. grein: að mynda félög með öðrum.
- 23. grein: réttur fatlaðs barns til „virkrar þátttöku í samfélaginu“.
- 30. grein: réttur barna sem tilheyra minnihlutahópum og frumbyggjabarna til að taka jafnt þátt í eigin samfélagshópi sem í þjóðfélaginu almennt.
- 31. grein: að taka fullan þátt í menningar- og listalífi.

Sjá einnig umfjöllunina um réttinn til þátttöku í 10. efnisflokknum, *Þátttaka*, bls. 254.



.....

### Gagnlegar heimildir

- *Council of Europe Actions to Promote Children's Rights to Protection from All Forms of Violence*: UNICEF, Innocenti Research Centre, Flórens, 2005.
- *Children's and Young People's Preparation Seminar of the Launching Conference „Building a Europe with and for Children’*, Final report: Evrópuráðið, 2006.
- *Declaration and Programme on Education for Democratic Citizenship, Based on the Rights and Responsibilities of Citizens*, Committee of Ministers: Evrópuráðið, 1999.
- Gittins, Chris, *Violence reduction in Schools – How to make a difference*: Evrópuráðið, 2006.
- Gollob, Rolf and Krapf, Peter, *Exploring Children's Rights: Lesson sequences for primary schools*, DGIV/EDU/CIT (2006) 17: Evrópuráðið, 2006. [www.unicef-irc.org/publications](http://www.unicef-irc.org/publications)
- Howe, Brian, „Citizenship Education for Child Citizens’, *Canadian and International Education Journal*, Vol. 34, no.1: 2005, bls. 42–49.
- O’Shea, Karen, Developing a shared understanding, a glossary of terms for education for democratic citizenship, DGIV/EDU/CIT (2003) 29: Strassborg, Evrópuráðið, 2003: [www.coe.int/t/dg4/education/edc/Source/Pdf/Documents/2003\\_29\\_GlossaryEDC.PDF](http://www.coe.int/t/dg4/education/edc/Source/Pdf/Documents/2003_29_GlossaryEDC.PDF)
- Ramberg, Ingrid, *Citizenship Matters: the participation of young women and minorities in Euro-Med youth projects*, Seminar report: Evrópuráðið, 2005.
- Torney-Purta, Judith et al., *Citizenship and Education in Twenty-Eight Countries: Civic knowledge and engagement at age fourteen*: International Association for the Evaluation of Educational Achievement, Amsterdam, 2001.
- *Under Construction: Citizenship, Youth and Europe*, T-Kit on European Citizenship: Evrópuráðið, 2003.
- *Violence against Children in Europe, A preliminary review of research*: UNICEF, Innocenti Research Centre, Flórens, 2005.

.....

### Gagnleg vefsvæði

- Droits Partagés: des droits de l’homme aux droits de l’enfant: [www.droitspartages.org](http://www.droitspartages.org)
- Citizenship Foundation: [www.citizenshipfoundation.org.uk](http://www.citizenshipfoundation.org.uk)
- Oxfam Cool planet for teachers on global citizenship: [www.oxfam.org.uk](http://www.oxfam.org.uk)
- Áætlunin „Evrópa fyrir og með börnum“: [www.coe.int/children](http://www.coe.int/children)
- UNICEF, Innocenti Research Centre: [www.unicef-irc.org/publications/](http://www.unicef-irc.org/publications/)

.....

### Tilvísanir

- 1 *Under construction, Citizenship, Youth and Europe*, T-kit No 7. Evrópuráðið, 2003. bls. 34.
- 2 *Global Citizenship, Cool Planet for Teachers*: [www.oxfam.org.uk/coolplanet/teachers/globciti/index.htm](http://www.oxfam.org.uk/coolplanet/teachers/globciti/index.htm)
- 3 Howe, Brian, *Citizenship Education for Child Citizens*, Canadian and International Education Journal, Vol. 34, no.1: 2005, bls. 44.
- 4 *Tilmæli ráðherraráðsins nr. (2002)12, til aðildarríkjanna, um borgaravítund og lýðræði í skólasterfi*.
- 5 O’Shea, Karen, *Developing a shared understanding: A glossary of terms for education for democratic citizenship*: Evrópuráðið, GDIV/EDU/CIT (2003) 29, bls. 8.

